

# AÐALFUNDUR STRAUMS-BURÐARÁSS FJÁRFESTINGABANKA

Aðalfundur Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka hf. verður haldinn  
**fimmtudaginn 8. mars 2007 kl. 16.00 á Nordica hotel,**  
Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík, sal A+B.

## DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur félagsins ásamt skýrslu endurskoðanda bankans lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar félagsins á reikningsárinu.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir næsta starfsár og til endurskoðanda fyrir liðið starfsár.
5. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
6. Stjórnarkjör.
7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
8. Tillögur um eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins:
  - (a) að 1. gr. verði breytt þannig að hún hljóði svo: „Félagið er hlutfélag og nafn þess er Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf. Erlent aukheiti félagsins er Straumur-Burðaras Investment Bank hf. Félagið starfar samkvæmt lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.“
  - (b) að 3. gr. verði breytt þannig að hún hljóði svo: „Tilgangur félagsins er að veita fjármálaþjónustu. Skal félaginu heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem fjárfestingaböndum er heimil samkvæmt lögum og starfsleyfi félagsins. Félaginu er heimilt að ná tilgangi sínum með stofnun og rekstri dótturfélaga.“
  - (c) að 1. mgr. 4. gr. verði breytt þannig að stjórn félagsins verði heimilt að ákveða hlutfé þess í evrum í stað íslenskra króna
  - (d) að 2. mgr. 4. gr. verði breytt þannig að endurnýjuð verði, með breytingum, heimild stjórnar til að hækka hlutfé félagsins
  - (e) að 1. mgr. 13. gr. verði breytt þannig að orðin „Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins“ myndi nýjan 4. tölulið
  - (f) að d-liður 3. mgr. 18. gr. verði felldur brott
  - (g) að 1. mgr. 19. gr. breytist þannig að við hana bætist tilvísun til upplýsinga sem ber að gefa í tengslum við framboð til stjórnar og skilyrði um framlagningu þeirra, hluthöfum til sýnis
  - (h) að 1. mgr. 20. gr. verði breytt þannig að tekinn sé af vafi um að heimilt sé að halda stjórnarfundum með aðstoð rafrænna miðla
9. Tillaga um endurnýjaða heimild félagsins til að kaupa eigin hluti.
10. Önnur mál.

Dagskrá aðalfundarins, ársreikningur bankans og endanlegar tillögur munu liggja fyrir á skrifstofu bankans að Borgartúni 25, 6. hæð, til athugunar fyrir hluthafa frá og með 1. mars 2007.

Framboðsfrestur til stjórnar rennur út kl. 16.00, föstudaginn 2. mars 2007. Framboðum skal skila skriflega til skrifstofu forstjóra Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka hf., Borgartúni 25, 6. hæð, fyrir þann tíma. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns framboðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjäreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Upplýsingar um framboðendur til stjórnar félagsins munu liggja frammi, hluthöfum til sýnis, á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

Óski hluthafi eftir því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundinum skal ósk hans komið skriflega til skrifstofu bankans að Borgartúni 25, 6. hæð, í síðasta lagi þann 1. mars 2007.

Fundargögn og atkvæðaseðlar verða afhentir hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað frá kl. 14.00 á fundardegi, fimmtudaginn 8. mars nk.

Stjórn Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka hf.